

Afrýjendunum ber að greiða stefnda Magnúsi Blöndal í málskostnað fyrir yfirdómi 20 kr.

Því dæmist rjett vera:

Skiptarjettarúrskurðurinn, að því leyti honum er áfrýjað, og skiptin, er á honum byggjast, eiga óröskuð að standa. Áfrýjendurnir Guðfinna Gísladóttir og Finnur Gíslason greiði stefnda Magnúsi kaupmanni Blöndal í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 15. ágústmánaðar.

Nr. 8/1898: Hreppsnefndirnar í Þingvalla- og Grafningshreppum  
gegn  
Eyjúlfi Guðmundssyni.

D ó m u r:

Mál þetta er í hjerði höfðað af áfrýjendunum, hreppsnefndunum í Þingvallahreppi og Grafningshreppi gegn hinum stefnda Eyjúlfi Guðmundssyni til greiðslu á vinnukonukaupi stúlkunnar Margrjetar Þorleifsdóttur fyrir 12 ár, sem talið var 120 kr., en með dómi aukarjettar Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 21. ágústm. f. á., lauk málinu svo, að Eyjúlfi Guðmundsson var dæmdur sýkn fyrir krötum hreppsnefndanna og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hafa hreppsnefndir Þingvallahrepps og Grafningshrepps

skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 10. febr. þ. á.; hafa þær fengið til þess gjafsóknarleyfi og skipaðan málflytningsmann, og hefur hann gjört þær kröfur fyrir rjettinum, að aukarjettardóminum verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjendunum 120 kr. með 4% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og málskostnað fyrir báðum dómum að skadlausu eða með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins, þar með talið hæfilegt kaup til málflytningsmannsins fyrir málsfærsluna. Stefndi Eyjúlfr Guðmundsson hefur af sinni hálfu krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjendurnir verði dæmdir til að greiða málskostnað fyrir báðum dómum eptir rjettarins mati.

Það er viðurkennt í málinu, að Margrjet Þorleifsdóttir, sem um er rætt í sökinni, hafi, eptir að hún var komin á fullorðins aldur, verið vinnukona hjá stefnda, sem þá bjó á Þorláksstöðum, fyrst 3 ár og síðan 9 ár, að hún hafi eigi þegið annað kaup hjá honum fyrir þennan tíma, en fæði og nokkur föt, og að hún sje nú fyrir sakir heilsulasleika komin á sveitarframfæri í Þingvalla- og Grafningshreppum. Þótt nú enn fremur mætti álíta, að Margrjeti hafi um þenna tíma borið frekara kaup hjá stefnda en fæði og föt — en þessu hefur stefndi þó neitað afdráttarlaust, og yfirlýsing Margrjetar sjálfrar um það hefur eigi komið fram í málinu — þá hafa áfrýjendurnir eigi sýnt heimild eða umboð frá henni til að innheimta kaup þetta hjá Eyjúlfi, og að lögum hafa hreppsnefndirnar eigi slíkt umboð, þar

sem Margrjet sjálf rjedd sig í vistina hjá stefnda og eigi var þá að neinu leyti undir umsjón sveitarstjórnarinnar eða á sveitarframfæri, svo að sjeð verði. Það er því rjett, að undirdómarinn hefur sýknað hinn stefnda í málinu, og með því að einnig má fallast á málskostnaðarákvæði aukarjettardómsins, ber að staðfesta tjeðan dóm eins og hann er. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist og eigi að falla niður, og verða hinum skipaða málflutningsmanni hreppsnefndanna fyrir yfirdómi eigi dæmd málsfærslulaun, en það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefur verið vítalaus, og sókn í málinu við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn skal vera óraskaður.  
Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn hinn 22. ágústmán.

Nr. 22/1898:

Hreppsnefnd Mosfellshrepps  
gegn  
Magnúsi Ólafssyni.

Dómur:

Með brjefi 10. jan. þ. á. krafðist hreppsnefnd Mosfellshrepps af bæjarfógetanum í Reykjavík, að hann tæki lögtaki hjá Magnúsi Ólafssyni, stefnda í þessu máli, 35 kr. — auk tíunda kr. 2,19 —, sem lagðar höfðu verið á hann sem aukaútsvar í Mosfellshrepp fyrir fardagaárið 1897/98. Hinn 29. s. m. kvað bæjarfógetinn upp úrskurð á þá leið,